

Valgreinar 4. tímabil 2021-2022

28. mars – 3. júní 2022

LEIÐBEININGAR

- Lestu vel yfir hvaða námskeið eru í boði.
- Þetta val tímabil hefst 28. mars og því lýkur 3. júní.
- Nemendur í 8. til 10. bekk velja 3 námskeið á mánudegi, 3 á miðvikudegi og 3 á föstudegi. **Nemendur í 7. bekk eru aðeins í vali á föstudögum.**
- Þú setur x í reit fyrir 1., 2. og 3. val. 1. val er það sem þig langar mest að taka þátt í. Annað val er það sem þig langar næst mest að gera og svo þriðja val. **Annað og þriðja val þarf að fylla út** ef sú staða kemur upp að þú getur ekki fengið fyrsta valið vegna fjöldatakmarkana í 1. vali. Athugið að það **má ekki velja það sama í fyrsta, öðru og þriðja vali!**
- Athugið!
 - Á miðvikudögum er WorldClass í boði **fyrir stúlkur** en ekki fyrir drengi – og á föstudögum er WorldClass í boði **fyrir drengi** en ekki fyrir stúlkur.

HVERNIG Á ÉG AÐ VELJA

Nemendur fá í hendur **eyðublað og fyllir út í skólanum og skilar til umsjónarkennara eða til aðstoðarskólalastjóra. Athugið að setja nafn ykkar og bekk (t.d. Jón Jónsson, 9.KÝL).**

HVAÐ ER Í BOÐI?

Hér á eftir fer stutt lýsing á þeim námskeiðum sem nemendur geta valið í **4. lotu 2021/2022.**

MÁNUDAGUR

Einn, tveir og elda

Í þessum tímum leggjum við áherslu á einfaldar máltíðir. Lögð er áhersla að nemandinn geti tekið með sér fróðleik heim og nýtt það sem hann lærir í þessum tímum heima fyrir. Að nemandinn öðlist innsýn á margvíslega matargerð, fagleg handbrögð og kynnist margvíslegum hráefnum. Einnig verður farið í næringargildi matarins með hollustuna að leiðarljósi. Hér þarf svo sannarlega áhuginn að vera til staðar.

Umsjón: Jónas Bragi Jónasson

Fab-Lab

Ef þú hefur áhuga á að hanna og framleiða hluti með nýjustu tækni, hefur áhuga á að semja, taka upp, leika og klippa kvikmyndir þá er þetta valið fyrir þig, við prófum okkur áfram með vinylskera, hitapressu og vonandi green screen kvikmyndatöku og bara allt sem okkur dettur í hug. Nú á vorönn verður líka hægt að fikra sig áfram í forritun með Minecraft Education fyrir þá sem vilja.

Umsjón: Kristján Arnar Ingason og Eðvarð Hilmarsson

Heimanámsaðstoð

Ekki hafa áhyggjur á mánudagskvöldum. Kláraðu verkefni (heimavinnu) dagsins með aðstoð frá mér. Hversu ljúft er að vera búin/n með verkefni dagsins þegar skóladeginum lýkur svo þú getir eytt kvöldinu í allt annað en það?

Umsjón: Magnhildur B. Gísladóttir

Nördaval 111

Bíómyndir, teiknimyndir, spil, Marvel og fleira. Allt á milli Nexus og því sem okkur dettur í hug. Valið er byggt á því sem nemendurnir vilja og við veljum okkur eitthvað skemmtilegt í sameiningu. Farið verður í eina heimsókn í Nexus og svo verðum við bæði uppi í skóla og inni í HundraðogEllefu.

Umsjón: Gísli og Hlynur í 111

Skartgripagerð

Lögð er áhersla á hönnun og gerð skartgripa úr fjölbreyttum efnum. Aðgangur er að fjölbreyttu efni og hugað er að hvernig efni geta unnið saman. Valgreinin er hugsuð bæði sem list- og verkgrein þar sem unnið er á mörkum myndlistar, hönnunar og smíða. Leitast er við að vinna með nemandanum og koma til móts við hugmyndir hans og óskir á samvinnugrunni. Markmiðið er að nemandi í þessu vali auki hæfni sína og færni til að búa til hluti og efli í leiðinni sjálfstæði sitt, frumkvæði og sköpunarmátt.

Umsjón: Daníel Guðjónsson.

Sund

Fjölbreyttir möguleikar að nýta sund sér til ánægju og líkamsræktar og læra betur sundtækni. Fyrir 10. bekkina sem hafa ekki lokið við skólasund og aðra sem vilja og ætla sér.

Umsjón: Vala Úlfjótisdóttir

Val í málun

Nemendur læra um brellur og trix við málun á meðan þeir horfa á málunarvídjó.

Umsjón: Margrét Helga Sesseljudóttir

Vinafell

Nemendur kynnast starfsháttum Vinafells sem er frístundaheimilið í Fellaskóla. Þeir sem velja þetta námskeið læra að stjórna leikjum og taka þátt í umönnun undir leiðsögn. Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna með börnum. (Hefst kl. 14.)

Umsjón: Sara Mist Jóhannsdóttir

Yin Jóga og slökun

Unnið með liðleika og líkamsstöður. Við höldum hverri teygju/stöðu í 1 – 3 mín. Lærum að skynja skilaboð frá líkamanum og nota síðan huga og öndun til þess að ná fram meiri liðleika og góðri slökun í djúpvæfi líkamans.

Umsjón: Marija Dragic Skúlason.

Val utan skóla

Ræða við Fróða aðstoðarskólalastjóra

MÍÐVIKUDAGUR

Fatasaumur

Nemendur sauma á sig flík eftir sniði, og velja á milli þess að gera peysu, jogging buxur eða pils.

Umsjón: Margrét Helga Sesseljudóttir

Heimanámsaðstoð

Ekki hafa áhyggjur á mánudagskvöldum. Kláraðu verkefni (heimavinnu) dagsins með aðstoð frá mér. Hversu ljúft er að vera búin/n með verkefni dagsins þegar skóladeginum lýkur svo þú getir eytt kvöldinu í allt annað en það?

Umsjón: Magnhildur B. Gísladóttir

Körfuboltaval

Í körfuboltavali lærum við reglur um körfubolta og spilum körfubolta. Körfuboltaval hentar stelpum jafnt og strákuum.

Umsjón: Marija Dragic Skúlason

Master-chef

Hver vill ekki verða meistarakokkur og geta reitt fram dýrindis máltíðir. Í þessum tímum eldum við einfaldar og gírnilegar máltíðir á einni klukkustund. Hér er mjög hratt farið yfir sögu en reynt að halda í gleðina sem því fylgir að geta gert dýrindis máltíð á skömmum tíma. Hér reynir á góða samvinnu allra nemenda í stofunni.

Umsjón: Jónas Bragi Jónasson

Rafíþróttaval

Við ætlum að nýta okkur rafíþróttaverið í HundraðogEllefu þar sem við getum farið í allskonar skemmtilega tölvuleiki. Við erum að tala um leiki eins og Fortnite, Team Fortress, Rocket League, Roblox eða Minecraft svo dæmi séu nefnd. Við leggjum einnig áherslu á aðra praktíska hluti sem gott er að hafa í huga þegar maður spilar tölvuleiki.

Umsjón: Gísli og Hlynur í 111

Skemmtinefnd

Umsjónarmaður félagsstarfs starfar með skemmtinefnd við að skipuleggja og undirbúa allt félagslíf nemenda innan skólans, svo sem opið hús, böll fyrir yngri og eldri nemendur, árhátíðir og öskudagsskemmtun svo fátt eitt sé nefnt.

Umsjón: Sara Mist Jóhannsdóttir

Vefforritun (html og css)

Prívíðar teiknun í Roblox Studios. Við Búum til 3D heima í Roblox Studios. Læra grunn atriði við 3D teiknun og notkun Roblox Studios. Nemendur vinna að eigin verki ásamt þess að taka þátt í stærra hópverkefni.

Umsjón: Höskuldur Eiríksson

Vinafell

Nemendur kynnast starfsháttum Vinafells sem er frístundaheimilið í Fellaskóla. Þeir sem velja þetta námskeið læra að stjórna leikjum og taka þátt í umönnun undir leiðsögn. Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna með börnum. (Hefst kl. 14.)

Umsjón: Sara Mist Jóhannsdóttir

WorldClass (fyrir stúlkur í 8.-10. bekk)

Nú hafið þið tækifæri til að æfa í WorldClass á skólatíma einu sinni í viku. Leiðbeinandi verður ykkur innan handar.

Umsjón: Jóhannes Guðlaugsson

Val utan skóla

Ræða við Fróða aðstoðarskólalastjóra

FÖSTUDAGUR

Bakstur

Hver elskar ekki lagkökur, smákökur, pönnukökur, lummur, snúða og kleinur? Hvernig væri að læra að gera þetta sjálf(ur)? Í bakstursvali á föstudögum leggjum við áherslu að fara með heim það sem við bökkum og að nemandinn taki með sér fróðleik og kunnáttu sem hann getur nýtt heima fyrir. Hér gildir að hafa brennandi áhuga á bakstri og öllu sem því fylgir.

Umsjón: Jónas Bragi Jónasson

Borðspil og spurningakeppnir.

Þetta valnámskeið mun gefa nemendum færi á að prufa sig áfram í ýmsum borðspilum og mun kennari auk þess bjóða upp á spurningakeppnir fyrir þá sem hafa áhuga. Tímarnir verða með misströngu skipulagi og má gera ráð fyrir bæði spilum í stærri og smærri hópum. Kennari mun leiðbeina nemendum í gegnum reglur hinna ýmsu borðspila bæði nýlegra og eldri.

Umsjón: Árni S. Björnsson og Eðvarð H

Ensku-val

Í námskeiðinu eru fjölbreytt viðfangsefni og tekið tillit til getu hvers og eins. Sérstök áhersla er lögð á ritun, orðaforða og frásögn.

Umsjón: Fe Galicia Isorena (Níni)

Hljómsveitarval

Hljómsveitarval er í boði fyrir nemendur Fellaskóla aftur. Þar er gert ráð fyrir að nemendur vinni saman í hópum undir leiðsögn atvinnutónlistarmanna, setji saman grúppur og spili þekkt lög eða frumsamin. Í lok val tímabils er gjarnan efnt til tónleika eða tónlist flutt á sal. Í vetur eru fjórir leiðbeinendur á bakvið valið og því möguleiki á að þeir nemendur sem vilja, æfi sérstaklega á ákveðin hljóðfæri s.s. hljómborð, gítar, bassa eða trommur. Einnig er aðstaða til að vinna raftónlist í tölvu, þá helst FL Studio. Markmiðið er að virkja nemendur í tónlist og til tónsköpunar. Mat fyrir valið er fyrst og fremst byggt á virkni nemenda, þátttöku í verkefnum, færni í hljóðfæraleik, framvindu og skapandi nálgun.

Umsjón: Tóney/Guðni Franzson

Sjálfsvörn (fyrir alla)

Sjálfsvörn fyrir alla sem virkar og eflir sjálfstraust. Engin krafa um vöðva en þú þarft að hugsa. "I come to you with only karate, empty hands. I have no weapons, but should I be forced to defend myself, my principles, or my honor; should it be a matter of life or death, of right or wrong; then here are my weapons, karate, my empty hands."

Umsjón: Lasse Brandt Jensen

Skólahreysti

Vilt þú komast í geggjáð form? Vilt þú fá frábæra þjálfun í aðhliðar hreysti og íþróttalífstíl? Vilt þú eiga möguleika á því að keppa fyrir hönd Fellaskóla í Skólahreysti? Þá er skólahreystið fyrir þig! Tímarnir verða mjög skemmtilegir, fjölbreyttir og árangursríkir.

Umsjón: Róbert Árni Guðmundsson

Stuttmyndagerð

Ef þú hefur brennandi áhuga á kvikmyndagerð þá er þetta valið fyrir þig. Farið verður í allt ferlið sem fylgir því að gera kvikmynd, búa til handrit og persónusköpun, staðsetningatökustaðir, upptaka og eftirvinnsla. Valinu lýkur með frumsýningu stuttmyndanna. Stuðst verður við nýja kvikmyndaverið okkar hér í Fellaskóla.

Umsjón: Egill Örn Karlsson

WorldClass (fyrir drengi í 8.-10. bekk)

Nú hafið þið tækifæri til að æfa í WorldClass á skólatíma einu sinni í viku. Leiðbeinandi verður ykkur innan handar.

Umsjón: kemur síðar

Val utan skóla

Ræða við Fróða aðstoðarskólustjóra